Skóla-akur

Vefrit um skólamál 13. tbl. 8. árg. 23. október 2014

Myndir augnabliksins eru frá leikskólanum Iðavelli.

Skólaþing í Brekkuskóla.

Var haldið í annað sinn á dögunum. Á skólaþinginu sitja fulltrúar starfsfólks, nemenda, foreldra og fulltrúar erlendu samstarfsskólanna í Nordplus- verkefni sem skólinn er þátttakandi í. Reynsla Brekkuskóla af skólaþingi árið 2013 var mjög góð og í kjölfarið var ákveðið að halda annað skólaþing og þá um upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu.

Hugmyndin.
Hugmyndin að skólaþingi kviknaði á fundi í skólaráði haustið 2012 og var kveikjan ný aðalnámskrá sem tók gildi í febrúar 2012. Í námskránni er lögð áhersla lögð á samstarf og samvinnu allra þeirra sem að skólanum koma. Þar segir:

„Starfsfólk skóla, nemendur og foreldrar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.“

Starfsfólk og skólaráð skólans velti fyrir sér hvaða leið skólinn gæti farið til að uppfylla það sem þarna kemur fram. Niðurstaðan varð eins og áður segir að halda skólaþing þar sem fulltrúar þeirra sem standa að skólanum koma saman og ræða málefni sem varða allt skólastarfið í heild. Um leið skapar skólinn vettvang til samræðu um mikilvæg málefni.
Skólaþingið er liður í Nordplus samstarfsverkefninu *E- learning Using Technology in Students' Development* og voru fulltrúar kennara og nemenda frá samstarfslöndunum, Noregi og Lettlandi með á þinginu. Skólaþingið er liður í innleiðingu á nýtingu tækni við nám og kennslu í Brekkuskóla.

Sjá nánar á: http://www.brekkuskoli.is/is/news/skolathing_2014_2



25. október.

Gormánuður hefst 25. október samkvæmt gamla íslenska dagatalinu en gor þýðir hálfmelt fæða í innyflum dýra, einkum hjá grasbítum. Á þessum degi rennur einnig fyrsti vetrardagur upp og þá veltir fólk því gjarnan fyrir sér hvernig viðra muni á komandi vetri. Oft hefur verið spáð í veðrið út frá ýmsum þáttum í náttúrunni.

Fyrsti vetrardagur á Minjasafninu á Akureyri.

Þar verða búin til sjávarskrímsli eða önnur kvikyndi líkt og sjá má á mörgum kortum sýningarinnar *Land fyrir stafni*. Hægt að skoða sýningarnar með kíki, korti og kompás, gerast landkönnuður og taka þátt í ratleik. Í ljósmyndastofu safnsins gefst tækifæri til að ná jólakortamynd fjölskyldunnar í skemmtilegum búning. Stofan er hluti ljósmyndasýningarinnar *Með augum fortíðar.* Þar gefur að líta verk Harðar Geirssonar sem tekur ljósmyndir með tækni og tækjum 19. aldar, sem hann smíðar sjálfur. Kaupmaðurinn verður bak við búðarborðið í sýningunni *Akureyri bærinn við Pollinn* og gefur kramarhús með góðgæti. Þar verður einnig lesið upp úr ferðasögum erlendra ferðamanna fyrri alda, sem oft drógu upp sérkennilega mynd af land og lýð. Allt hefst þetta kl. 14 laugardaginn 25. október með ljúfum tónum Unu og Eikar.
Leiðsögn, ljúfir tónar, ljómandi laugardagsnammi og skemmtileg skrímsli en umfram allt engin leiðindi. Verið velkomin – enginn aðgangseyrir.
Starfsfólk og Stoðvinir Minjasafnsins á Akureyri.

Skóla-akur er veftímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri
Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.
Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Vika 43 2014.

Stendur yfir dagana 20. - 27. október og er forvarnaverkefni Samstarfsráðs um forvarnir, en þá er sett kastljós á ýmislegt er varðar forvarnir meðal barna og ungmenna. Að þessu sinni er áherslan á lífsstíl og sjálfsmynd og vakin athygli á því góða starfi með ungu fólki sem lýtur að lífsstíl og félagsstarfi í nærsamfélaginu. Þessa viku er alla dagana vakin athygli á virkri þátttöku barna og ungmenna í hvers kyns félags- og tómstundastarfi en á umliðnum árum hefur þátttaka í skipulögðu félagsstarfi stóraukist með bættri aðstöðu og er ótvírætt grunnurinn af þeim góða árangri sem náðst hefur í forvörnum. Með eflingu þessara samtaka og félagsstarfs sem stendur börnum og foreldrum þeirra til boða hefur það einnig gerst að úrræðin hafa færst nær þátttakendum og heimilum þeirra og þannig fært heimafólki meiri ábyrgð og hlutdeild í forvarnastarfi. Áminningar um Viku 43 eru sýnilegar á fréttaveitum og samfélagsmiðlum á netinu og þannig reynt að vekja einstaklinga til umhugsunar um mikilvægi samstarfs í forvörnum.

Haustfrí grunnskóla Akureyrar 24. og 27. október.

Það er óþarfi að leita langt yfir skammt þegar kemur að afþreyingu fyrir alla fjölskylduna í haustfríinu. Hvort sem um útiveru eða inniveru er að ræða er fjölmargt hægt að hafa fyrir stafni þar sem fjölskyldan getur notið samveru og jafnvel lært eitt og annað nýtt í leiðinni.
Á heimasíðu Akureyrarstofu er að finna hugmyndabanka Akureyrarstofu til samverustunda fyrir fjölskyldur.

Samtaka.

Svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar hefur haldið tvo fundi það sem af er vetri og hægt er að fylgjast með starfi þeirra á heimasíðunni http://samtaka.net/. Samtökin hafa gert samning við skóladeildina um aðstöðu þar fyrir samtökin og stefnt er að því að boðið verði upp á viðtalstíma einu sinni í viku.

Berjaferð á Tröllaborgum.

Hér má sjá nokkrar myndir frá berjaferð barna á Bergi. Þau voru mjög dugleg að tína og var ákveðið að kynna fyrir þeim hvað hægt væri að gera við berin og þegar heim var komið var gerð sulta sem allir fengu svo að smakka.
Gaman að skoða þessar skemmtilegu myndir.

Greinar í Netlu.

Reynsla nemenda í Verkmenntaskólanum á Akureyri af þróunarverkefni um stutta starfsnámsbraut.

Í greininni er fjallað um tilraunaverkefni sem miðaði að því að koma á fót stuttri starfsnámsbraut innan Almennrar brautar við Verkmenntaskólann á Akureyri (VMA) skólaárin 2011–2012 og 2012–2013. Markmið greinarinnar er að lýsa tilraunaverkefninu og greina frá reynslunni frá sjónarhóli nemendanna sem tóku þátt í því fyrstu tvö árin, reynslu þriggja starfsmanna skólans af verkefninu og mati þeirra á því að hvaða marki það kom til móts við þarfir nemendanna. Starfsnámsbrautin er liður í viðleitni VMA til að ná til nemenda í brotthvarfshættu með nýju og óhefðbundnu námsúrræði. Markmið starfsnámsbrautarinnar er að bjóða nemendum fræðslu um atvinnulífið og búa þá undir frekari þátttöku á vinnumarkaði að loknu framhaldsskólaprófi.
Höfundar: Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson.
http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/005.pdf

Verkfæri þjóðminninga: Tyrkjaránið í skólabókunum – fyrri hluti

Í þessari grein um verkfæri þjóðminninga segir frá því hvernig fjallað er um Tyrkjaránið í skólabókum fram yfir miðja tuttugustu öld. Kennslubækur í skólum og önnur námsgögn eru hagnýtt tæki í höndum kennara og nemenda en þær, ekki síst sögukennslubækur, eru einnig vitnisburður um viðhorf í samfélagi hvers tíma vegna stöðu sinnar sem viðurkennd og jafnvel kanóníseruð þekking sem höfundar telja sér skylt að koma á framfæri og þjóðfélagsleg kvöð segir til um. Í þessari rannsókn er könnuð umfjöllun um ákveðinn atburð í sögu Íslands, Tyrkjaránið árið 1627. Teknar eru til athugunar allar kennslubækur sem náðist í frá 1880 til 2010 þar sem fjallað er um ránið.
Höfundur: Þorsteinn Helgason.
http://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/004.pdf

Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 6. nóvember